

5. H.f. Smjörlikisgerðin Ísafirði, Ísafirði.
6. H.f. Carl Höepfner, Blönduósi.
7. H.f. Íshúsfjelag Siglufjarðar, Siglufirði.
8. H.f. Ragnar Imsland, Seyðisfirði.
9. H.f. „Eljan“, Norðfirði í Neshreppi.
10. H.f. „Víðir“, Hafnarfirði.
11. H.f. „Garðbillinn“, Gerðum í Gerðahreppi.

130

SKRÁ

131

yfir samvinnufjelög, sem birt hafa verið í Lögbirtingablaðinu árið 1925.

1. Pöntunarfjelaðið „Patrekur“, Rauðasandshreppi.
2. Kaupfjelag Flateyjar, Flatey í Barðastrandarsýslu.
3. Sláturfjelag Skagfirðinga, Sauðárkróki.
4. Kaupfjelag Langnesinga, Þórshöfn.

AUGLÝSING

132

frá skráritara vörumerkja Reykjavík

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1925.

Skrás. 1925, nr. 1.

Tilkynt 17. desbr. 1924, kl. 3 síðd., af Svenska Aktiebolaget Gasaccumulato-
tor, verksmiðjurekstur, Stockholm í Svíþjóð, og skrásett 15. janúar 1925.

Orðið:

AGA

Samkv. tilkynningu 15. júní 1923, er merkið skrásett í Stockholm 26.
ágúst 1924 fyrir:

Karbid, vatnskistur, gasþvottaáhöld, gasgeyma (Gasklockor), gashreins-
unartæki, gashreinsunarefni, gasmæla, gasstraumjafna, olíusýgla, blöðkuhana,
edikssýring, áhöld til að láta edikssýring í hylki, tæki og tækjaumbúnað til
súrgasgerðar og þjettingar súrgass, kolsýrusýgla, tæki og tækjaumbúnað til

132 kolsýrugerðar, dælur, skilvindur, hljóðdeyfara, skiftitæki fyrir gasglóðarnet, vitaskip ásamt merkjatakjum sem þeim fylgja, leiðardufla- og vitaljóssker, sigurverk, ljós- og hljóðmerkjataeki fyrir rafmagn, rafmagns-vitataeki með tilheyrandi umbúnaði, pípur, pípuhluta, skrúflykla, skiftilykla, skrúfmeitla, flugvjarlar, loftför og önnur farartæki til loftferða ásamt fargögnum sem þeim fylgja, loftvitatýrar, loftvita, strenginga- og seglaumbúnað í loftvita, merkja- og ljóståeki fyrir flugvelli, dufl og ljós fyrir loftfarastjórn, rafljósaverpla, spegla úrgleri og málm, vindstefnu og vindhraðamæla, sem sjerstaklega eru notaðir í loftförum, hljómdufl, hljóðtæki fyrir vitaskip og dufl með tilheyrandi umbúnaði, hljóðpípur, blísturhana, ofansjávar og neðansjávarbjöllur ásamt tækjum sem knýja þær, þokumerkjataeki, tæki fyrir þokumerkjastöðvar og þokumerkjaumbúnað, lofthylki, hljóðtæki, hljóðtrektir, olíumótora, kælivirki, eldsneytishylki fyrir mótor, merkjataeki með tilheyrandi hlutum og umbúnaði fyrir járnbrautir og fyrir götur og þjóðbrautir, umferðamerki, teinaskiftitæki, teinaskiftimerki, brautarslár og brautarslármerki, aðvörunarmerki, rafmagnsvirki, rafmagnsstraumrofa, rafmagnstæki til að sjóða saman og skera málm, víðavangskyndla fyrir gas, rafmagn og annað ljósmeti, ljóssker fyrir brautarslár, tæki og umbúnaðarhluti til merkjagjafa til afnota í hernaði, merkjaljóssker til hernaðar, handljósverpla, rafmagnsljósverpla til hernaðar, sóbríta, lampa í járnbrautarvagna með tilheyrandi umbúnaði, hylki fyrir olíugas, hitunartæki fyrir járnbrautarvagna og sporvagna, tæki og tækjaumbúnað til lýsingar á eimreiðum, eimreiðaljóssker, eimreiðaljósverpla, tæki og tækjahluta fyrir lýsing í bátum, bátaljósverpla, bátaljóssker, tengslanir, skrúfusamskeyti á pípum, bifreiðar, akfæri, skip, neistatengslanir fyrir kveiking með rafmagni á gasljósgerum, tæki til að setja mótor í hreyfingu, vökvamælitæki, tæki til málmbrösunar, kveikingakólfa, mjaltavjarlar með tilheyrandi umbúnaði, slagvirki fyrir mjaltavjarlar, kvikmyndaáhöld, kvikmyndalampa með umbúnaði, hljóðrita, loftskeytaáhöld og umbúnað, ritsíma- og talsímataeki með umbúnaði, loftskeytastengur, suðuáhöld, hitunartæki, auglýsingataeki, gljákvöðu á málma, steinolíu, harpeis, himnur úr togleðri, skinni eða þjátri, slöngur, sjerstaklega til afnota við sam-suðu málma, kerti, efni til áferðarvöndunar, leikföng, spil, rafmagnsofna og aðra ofna til iðnaðarþarfa, eldavjarlar, kælitæki og tæki fyrir kælistöðvar, þurkunartæki, landbúnaðaráhöld, mælitæki og skráningartæki alls konar, straumhraðamæla, hraðrita (Takografer), þrýstímæla, gangjafna, hraðmæla alls konar, tengingar, gufukatla og gufuþjetta, málmþjettningar einkum úr alúminíum, aflgeyma fyrir vökva, gas eða rafmagn með tilheyrandi leiðslum og umbúnaði, rafmagnsviðstöðvar, rafmagnsgufukatla, hitavirki fyrir gufu, gas, vatn eða rafmagn, alls konar pressur og úrspyrnur knúðar með vatnsþrýstingi og öðru, hitamæla (Termostater), einangrunarefni, einangrunarpípur, vatnssýjur og vatnshreinsunartæki alls konar, prentunaráhöld, leturstíla, myndamót, prentmyndasteina, einangrunarkvapa fyrir hita, gas eða rafmagn,

túrbínur fyrir gufu, gas eða vatn með tilheyrandi umbúnaði, öryggistæki fyrir gas, gufu eða rafmagn, rafmagnshitaverjur, hitunarþynnur, hitunarpípur og aðra hitunarhluti, kaðla, kabla, handfæri, fiskinet, afeykur og annað fægigarn, vagna og vagntæki, reiðhjól, sporttæki úr trje eða málmí, vopn, björgunartæki, eldhúss- og matreiðslutæki, beykissvörur, korksmíðavörur, byggingarefni unnið og óunnið og aðrar byggingarvörur, línóleum, veggfóður, kenslutæki, skólagögn, leikfímistæki, teikniáhöld, verkfæri og áhöld fyrir ljósmyndun, lyfjafræði, beinlækningar, landmælingar, eðlisfræði, ljósfræði, hljóðfræði, efnafræði, siglingafræði, rafmagnsfræði, tónlist, handlækningar og lyflækningar, gullsmíðis-, silfursmíðis- og plettvörur, leirsmíðisvörur og leirsmíði, glervörur, niðursoðnar matvörur, alkóhól og alkóhólblandna drykki, gosdrykki allskonar, trjámauk, viðarmauk, eldspýtur, sprengiefni, flugeldavörur, vefnaðarvörur, mótorá, fægiefni, fægítæki, rafmagnsvaka, innlagningarefni fyrir rafmagn, málma í óunnu eða hálfunnu ástandi, oliur til lýsingar, hitunar eða smurningar, vörur gerðar úr strái, hálmí eða burst, skrúfur, skrúfrær, vörur úr beini, horni, trje, trjámauki, pappa eða pappír, hluti úr steini, skrifstofugögn, asbest, kísilgúr, kol, klæðavörur úr vefnaði, kemiskar vörur, efni til að fylla gashylki og efni sem þarf við tilbúning þess, og er orðið „Aga“, eftir kröfu eigandans, skrásett sem sjerstaklega uppfundið nafn á framanskráðum vörutegundum. —

Skrás. 1925, nr. 2.

Tilkynt 19. desbr. 1924, kl. 11 árd., af The Celotex Company, verksmíðjurekstur, Chicago í Illinois, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 15. janúar 1925.

Orðið: **CELOTEX**
INSULATING LUMBER

Samkvæmt tilkynningu 5. mars 1924, er merkið skrásett í Washington 29. júlí s. á. fyrir byggingarefni líkt borðvið, nothæft í þiljur og annað slíkt.

Skrás. 1925, nr. 3.

Tilkynt 10. febrúar 1925, kl. 12 á háð., af Reckitt & Sons, Limited, verksmíðjurekstur, Hull og London í Englandi, og skrásett 14. s. m.



132

Ílangur einkennismiði, sem skift er í þrjá rjetthyrnda reiti. Í miðreitnum stendur orðið: BRASSO, í sporöskjulagaðri umgerð, og ganga geislar út frá umgerðinni í allar áttir. Vinstra megin við miðreitinn standa ýms ummæli um vöruna, og liggur skáband með áletrun yfir þann reitinn, en í reitnum hægra megin standa orðin: BRASSO METAL POLISH, þá tveir hvítir, auðir fletir og fyrir neðan þá ýms ummæli um vöruna, ásamt nafni og heimilisfangi tilkynnanda.

Samkv. tilkynningu 20. júní 1924, er merkið skrásett í London 10. nóvember s. á., 50. flokki, fyrir áburðardeig (Pastes), vökva og duft til fágunar og hreinsunar.

Skrás. 1925, nr. 4.

Tilkynt 10. febrúar 1925, kl. 12 á háð., af sama firma í Hull, Englandi, og skrásett 14. s. m.




Hringmyndaður einkennismiði, sem með lárjettum línum er skift í fimm reiti. Í efsta reitnum sjest mynd af hlaupandi Zebradýri, en í næsta reit þar fyrir neðan stendur með hvítum stöfum, á dökkum grunni, orðið: ZEBRA. Í þriðja reitnum stendur milli blaðaskrauts orðið: *Paste*, en hægra megin í fjórða reitnum stendur á dökkum grunni orðið: *Polish*, og þar fyrir neðan nafn tilkynnanda og heimilisfang.

Samkv. tilkynningu 27. júlí 1901, er merkið skrásett í London 2. júní 1902, 50. flokki, fyrir ofnsvertu og samskonar vörur til fágunar, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 27. júlí 1915.

Skrás. 1925, nr. 5.

Tilkynt 10. febrúar 1925, kl. 12 á háð., af sama, og skrásett 14. s. m.



Ílangur ferhyrningur, og eru í honum þverstrík með jöfnu millibili. Nær miðjum ferhyrningnum er sporöskjulagaður reitur og stendur í honum orðið: Reckitt's, ásamt nafni vörunnar og ummælum um hana. Í öðrum enda ferhyrningsins er hvítur reitur með enskri áletrun, en í hinum endanum er skjaldmerki og stendur efst í vinstra horninu stafurinn: R, á ská í því miðju orðið: Reckitts, og neðst í horninu hægra megin stafurinn: S.

Merkið er skrásett í London 17. desember 1898, 47. flokki, fyrir þvotta-bláma, og er síðast endurnýjað 17. desbr. 1912.

Samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er tillkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 6. nóvbr. 1899.

Skrás. 1925, nr. 6.

Tilkynnt 12. febrúar 1925, kl. 2 síðd., af Det Danske Petroleum Aktieselskab, verslunarfélag, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 16. s. m.

Orðið: STANDARD, þannig ritað, að efri brún þess er bogadregin niður á við, en neðri brúnnin upp á við, og þar fyrir neðan stendur orðið: ARCTIC, bogadregið niður á við.

Samkvæmt tilkynningu 6. desbr. 1924, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 31. s. m. fyrir bensín, nafta, steinefnis- og jurtaefnis-terpentínu, vasilín og parafín.

Skrás. 1925, nr. 7.

Tilkynnt 24. febrúar 1925, kl. 4 síðd., af Bovril, Limited, verslun, London í Englandi, og skrásett 27. s. m.

Orðið: **BOVRIL**

Merkið er skrásett í London 2. nóvember 1886, 42. flokki, fyrir efni, er notað eru til matar eða sem efni í mat.

Samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er tillkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 5. maí 1897.

132

Skrás. 1925, nr. 8.

Tilkynt 24. febrúar 1925, kl. 4 síðd., af O. Mustad & Sön, verksmiðjurekstur og verslun. Oslo í Noregi, og skrásett 27. s. m.

Orðið: *Mustad*

Samkvæmt tilkynningu 22. október 1924, er merkið skrásett í Oslo 22. desember s. á., fyrir nagla, hóffjaðrir, axir og öngla.

Skrás. 1925, nr. 9.

Tilkynt 4. mars 1925, kl. 4 síðd., af Price's Soap Company, Limited, verksmiðjurekstur, London í Englandi, og skrásett 14. s. m.

Orðið: **OLVA**

Merkið er skrásett í London 2. desember 1922, 48. flokki, fyrir ilmsápur. Samkv. útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 24. september 1923.

Skrás. 1925, nr. 10.

Tilkynt 9. mars 1925, kl. 3 síðd., af John Mackintosh & Sons, Limited, verksmiðjurekstur, Halifax í Yorkshire, Englandi, og skrásett 14. s. m.

Orðið: **MACKINTOSH**

Merkið er skrásett í London 15. febrúar 1909, 42. flokki, fyrir brjóstsykur, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 15. febr. 1923.

Samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 7. september 1921.

Skrás. 1925, nr. 11.

Tilkynt 23. mars 1925, kl. 4 síðd., af Vacuum Oil Company, verslun, New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 28. s. m.

Orðið: **MOBILOIL**

Samkvæmt tilkynningu 6. maí 1918, er merkið skrásett í Washington 27. janúar 1920 fyrir smurningsolíur,

Skrás. 1925, nr. 12.
Tilkynt 1. maí 1925, kl. 4 síðd., af A/S H. E. Gosch & Co.'s Tændstikfabrikker og Aktietændstikfabrikker Godthaab, verksmiðjurekstur, København, Danmörku, og skrásett 9. s. m.

Orðið: **Rollo**

Samkvæmt tilkynningu 24. maí 1913, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 7. júní s. á. fyrir blýanta, og er orðið: Rollo, að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund. Skrásetningin síðast endurnýjuð 7. júní 1923.

Skrás. 1925, nr. 13.
Tilkynt 1. maí 1925, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 9. s. m.

Orðið: **Viking**

Samkvæmt tilkynningum 3. júní 1913, 2. júlí s. á. og 22. ágúst 1924, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn fyrir blýanta, mislita blýanta og eldspýtur, og ber að skoða orðið: Viking, sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1925, nr. 14.
Tilkynt 1. maí 1925, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 9. s. m.

Orðið: **TORDENSKJOLD**

Samkvæmt tilkynningu 24. nóvember 1904, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 8. desember s. á. fyrir eldspýtur, og ber að skoða orðið: TORDENSKJOLD, sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund. Skrásetningin síðast endurnýjuð 8. desember 1924.

Skrás. 1925, nr. 15.

Tilkynt 1. maí 1925, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 9. s. m.

Mynd af víkingaskipi :



Samkvæmt tilkynningu 28. apríl 1913, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 3. maí s. á. fyrir eldspýtur og blýanta. Skrásetningin síðast endurnýjuð 3. maí 1923.

Skrás. 1925, nr. 16.

Tilkynt 1. maí 1925, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 9. s. m.



Ferstrendur miði með skreyttum hornum, þar sem sýnd er brjóstmynd af manni, en kringum hana er sporöskjumynduð áletruð umgerð. Samkvæmt tilkynningu 12. apríl 1913, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 19. s. m. Skrásetningin endurnýjuð frá 19. apríl 1923 að telja.

Skrás. 1925, nr. 17.

132

Tilkynnt 1. maí 1925, kl. 4 síðd., af Blyantfabrikken Viking A/S., verk-smiðjurekstur, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 9. s. m.



Á ferstrendum aflöngum miða sjest framstafn á víkingaskipi, þar sem víkingur stendur, en fyrir ofan stendur orðið: ROLLO. Fyrir neðan er breitt, dökt band með orðunum: VIKING BLYANT FABRIK, ISLANDS BRYGGE, KØBENHAVN B, ritað í 3 línunum, en í þeim 2 neðstu er í miðju hringur með mynd af víkingaskipi og 3 barylínunum.

Samkvæmt tilkynningu 20. júní 1924, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 19. júlí s. á. fyrir blýanta og eldspítur.

Skrás. 1925, nr. 18.

Tilkynnt 18. maí 1925, kl. 4 síðd., af Røwde & Co., verslunarfjelag, Oslo, Noregi, og skrásett 20. s. m.

Orðið: **VIKING**

Samkvæmt tilkynningu 2. desember 1909, er merkið skrásett í Oslo s. á. fyrir allskonar gúmmí- og leðurvörur, þar með taldar vjelareimar úr

132 gúmmí og leðri, og er orðið: VIKING að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir. Skrásetningin síðast endurnýjuð 2. des. 1919.

Skrás. 1925, nr. 19.

Tilkynt 18. maí 1925, kl. 4 síðd., af Det Danske Petroleums Aktieselskab, verslunarfjelag, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 20. s. m.

Orðin: **White Camelia**

Samkvæmt tilkynningu 28. janúar 1925, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 7. mars s. á. fyrir hráar, hálfhreinsaðar og hreinsaðar olíur, feiti og aðrar hráolíuafurðir með eða án íblöndunar af dýra-, jurta- eða steinaolíum eða lyfjaefnum, svo og með eða án íblöndunar af dýra-, jurta- eða steinaolíum og lyfjaefnum, til allra afnota, sjerstaklega til ljósa, hitunar, orkuvinslu, smurninga og lækninga.

Skrás. 1925, nr. 20.

Tilkynt 18. maí 1925, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 20. s. m.



Hringmyndaður miði, þar sem sjest baldursbrárbóm með blöðum, en fyrir ofan standa orðin: WHITE CAMELIA.

Samkvæmt tilkynningu 28. janúar 1925, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 7. mars s. á. fyrir hráar, hálfhreinsaðar og hreinsaðar olíur, feiti og aðrar hráolíuafurðir með eða án íblöndunar af dýra-, jurta- eða steinaolíu eða lyfjaefnum, svo og með eða án íblöndunar af dýra-, jurta- eða steinaolíu og lyfjaefnum, til allra nota, sjerstaklega til ljósa, hitunar, orkuvinslu smurninga og lækninga. **132**

Skrás. 1925 nr. 21.

Tilkynt 27. maí 1925, kl. 2 síðd., af Essex Motors, verksmiðjurekstur, Detroit í Michigan í Bandaríkjum N.-A., og skrásett 9. júní s. á.



Orðin: ESSEX MOTORS á sexhyrndum fleti með rauðum grunni.

Samkv. tilkynningu 7. nóvember 1923, er merkið skrásett í Washington 27. janúar 1925 fyrir fólksflutningabifreiðar, er knúðar eru áfram með bensíni, og vjellarlaus ökutæki.

Skrás. 1925 nr. 22.

Tilkynt 3. júní 1925, kl. 4 síðd., af Wilhelm Bengel Söhne, verksmiðjurekstur, Stuttgart í Þýskalandi, og skrásett 25. s. m.

Orðið: **Jaeger**

Samkv. tilkynningu 9. júlí 1923, er merkið skrásett í Berlín 31. júlí 1924 fyrir sokkaplögg og þrjónaföt.

Tilkynt 2. júní 1925, kl. 4 síðd., af Helsingborgs Gummifabriks Aktiebolag, verksmiðjurekstur, Helsingborg í Svíþjóð, og skrásett 25. s. m.

Orðið: **TRETORN**

Samkv. tilkynningu 13. október 1921, er merkið skrásett í Stokkhólmi 18. s. m. fyrir, skóhlífar, utanyfirskó, gúmmístígvjel, leikfimisgó, þilfarsskó, gúmmíknetti og önnur leikföng úr gúmmí, lawn-tennis-knetti, gúmmihæla, gúmmísóla, sóla undir maltgerðarskó, bála undir maltgerðarskó, gúmmíhringi, gúmmísnúrur, gúmmíborða, gúmmíslöngur, gúmmídúka, gúmmíreimar, gúmmímottur, hömlukubba úr gúmmí, gúmmíþjettingar, gúmmísáld, gluggaþjettingar, gasskjóður úr gúmmí, gúmmískjóður, gúmmíhana, hjólgjarðir, gúmmípípur, stígsveifagúmmí, gúmmíhringi á reiðhjól, gúmmíhólka, gúmmívaltara, gúmmíhringi á vagnhjól, óhola gúmmíhringi fyrir bifreiðar, slöngur og dekk fyrir bifreiðar, reiðhjól og mótorreihjól, hófhlífar, biljarþófa, gúmmídýnur, gúmmísvæfla, ísskjóður úr gúmmí eða gúmmíbornu klæði, blöðrur í fótknetti, allskonar gúmmíborinn vefnað, vörur úr horngúmmí og abonít og aðrar gúmmívörur, gúmmísvampa og gúmmídúsur ásamt tekniskum vörum og handlækingavörum úr gúmmí; og hefir orðið: Tretorn eftir kröfu tilkynnanda verið skrásett sem sjerstaklega tilbúið heiti á framanskráðum vörutegundum.

Tilkynt 2. júní 1925, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 25. s. m.



Þlangur einkennismiði. Efri hluti hans er krotaður þríhyrningum og eru þrjár vígturnar í þeim hluta og yfir þeim talan 1891, en undir HELSINGBORG TRE TORN í tveimur línum; þá hvítur reitur með mynd af þremur vígturnum, en yfir þeim í hálfhring orðin: HELSINGBORG GUMMIFABRIKS AKTIEBOLAG, og undir turnunum sporöskjulagaður hringur og innan í honum talan 1891 og ummæli um vöruna. Neðst er skrautlína.

Samkvæmt tilkynningu 15. apríl 1921, er merkið skrásett í Stokkhólmi 26. s. m. fyrir skóhlífar, utanyfirskó, gúmmístígvjel, leikfimsískó, þúlfarsskó, gúmmíknetti, og önnur leikföng úr gúmmí, lawn-tennis-knetti, gúmmíhæla, gúmmísóla, sóla undir maltgerðarskó, bálka undir maltgerðarskó, gúmmíhringi, gúmmísnúrur, gúmmímottur, hömlukubba úr gúmmí, gúmmíþjettingar, gúmmí-sáld, gluggaþjettingar, gasskjóður úr gúmmí, gúmmískjóður, gúmmíhana, hjólgjarðir, gúmmípípur, stigsveifagúmmí, gúmmíhringi á reiðhjól, gúmmí-hólka, gúmmívaltara, gúmmíhringi á vagnhjól, óhola gúmmíhringi fyrir bif-reiðar, slöngur og dekk fyrir bifreiðar, reiðhjól og mótorreihjól, hófhlífar, bil-jarðþófa, gúmmídýnur, gúmmísvæfla, ísskjóður úr gúmmí eða gúmmíbornu klæði, blöðrur á fótknetti, allskonar gúmmíborinn vefnað, vörur úr horngúmmí og abonit og aðrar gúmmívörur, gúmmísvampa og gúmmídúsar ásamt teknisk-um vörum og handlækningavörum úr gúmmí.

Skrás. 1925, nr. 25.

Tilkynt 2. júlí 1925, kl. 3 síðd., af Edward Sharp & Sons, Limited, verksmiðjurekstur, Maidstone í Englandi, og skrásett 9. s. m.



Ferstrendur miði, þar sem sjest til vinstri páfagaukur, er situr á þver-spýtu, en þar fyrir neðan eru ummæli um vöruna og orðin „Speaks for itself“, með rithönd; til hægri á miðanum er mynd af manni með einaugnagler (Monokel) og staf í hendi og þar undir ummæli um vöruna.

Samkvæmt tilkynningu 21. febrúar 1922, er merkið skrásett í London 20. júlí s. á., 42. flokki, fyrir sælgæti, súkkulaði og ávaxtamauk.

Skrás. 1925, nr. 26.

Tilkynt 7. júlí 1925, kl. 12 á háð.. af Verksmiðjunni „Hekla“ (eigandi Þorst. Þorsteinsson), Reykjavík, og skrásett 9. s. m.



Ferhyrndur einkennismiði með mynd af eldgjósandi fjalli, vinstra megin við fjallið stendur orðið: VÖRU, en hægri megin orðið: MERKI. Fyrir neðan myndina stendur með feitu prentletri orðið: HEKLA.

Skrás. 1925, nr. 27.

Tilkynt 22. júlí 1925, kl. 6 síðd., af Standard Oil Company, verslunarfjelag, Bayonne og New York, Bandaríkjum N.-A., og skrásett 15. ágúst s. á.


Orðið:

FLIT

Samkvæmt tilkynningu 11. júní 1923, er merkið skrásett í Washington 26. febrúar 1924 fyrir efni til útrýmingar skordýra.

Skrás. 1925, nr. 28.

Tilkynt 22. júlí 1925, kl. 6 síðd., af sama, og skrásett 15. ágúst s. á.




Breiður, svartur hringur, sem skiftist í miðju af breiðu, lárjettu bandi, er takmarkast ofan og neðan af svörtum strikum. **132**

Samkv. tilkynningu 21. ágúst 1924, er merkið skrásett í Washington 13. janúar 1925 fyrir hreinsaðar, hálfhreinsaðar og óhreinsaðar olíur, sem framleiddar eru af hráolíu, með eða án blöndunar af dýra-, jurta- eða steinaolíum, til ljósa, eldsneytis, orkuvinslu, hitunar og smurninga, ásamt smurningsfeiti.

Skrás. 1925, nr. 29.

Tilkynt 22. júlí 1925, kl. 6 síðd., af Det Danske Petroleum Aktieselskab, verslunarfelag, Kaupmannahöfn, Danmörku. og skrásett 15. ágúst s. á.



Ferstrendur miði, meiri á hæð en breidd, sem myndast af svartri, breiðri umgerð, og skiftist í þrent af tveimur þverstrikum, þannig, að miðreiturinn er stærstur, en sá neðsti minstur.

Samkv. tilkynningu 2. apríl 1925, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 16. maí s. á. fyrir lyfjaolíur og skartolíur.

Skrás. 1925, nr. 30.

Tilkynt 28. júlí 1925, kl. 4 síðd., af Wilhelm Bengel Söhne, verksmiðju-
rekstur, Stuttgart í Þýskalandi, og skrásett 15. ágúst s. á.




132 Hringmyndað merki með áletruninni. Dr. JAEGER'S NORMAL WOLL SYSTEM. W. BENDER SÖHNE. STUTTGART. Innan í hringnum sjest milli orðanna: SCHUTZ — og: — MARKE, skjöldur með skáhöllu akkeri, og fyrir ofan skjöldinn sjest efri hluti af mannsmynd, sem heldur á svipuðu akkeri. Fyrir ofan skjöldinn stendur með ritletri: *W. Bender Söhne*, og fyrir neðan sjest band með áletruninni: *Alleinig concessionirt, á miðju, og orðunum: Rein og Wolle á endunum. Neðst stendur ritletrað: Prof. Dr. G. Jaeger.*

Samkv. tilkynningu $\frac{3. \text{ okt. } 1894}{24. \text{ febr. } 1886}$ er merkið skrásett í Berlín 16. maí 1895 fyrir ullarband til vefnaðar og þrjónless, ullardúka og ullarvörur, ásamt svitaleppum og sápu.

Skrás. 1925, nr. 31.

Tilkynt 28. júlí 1925, kl. 2 síðd. af firmanu A. Atmanspacher, skófatnaðarverksmiðja, Ehrenfriedersdorf í Sachsen, Þýskalandi, og skrásett 20. ágúst s. á.



Ferhyrndur, aflengur einkennismiði, og á honum í skrautumgerð mynd af liggjandi pardusdýri, með aðra framlöppina hvílandi á stígvjeli. Undir myndinni standa skáhalt orðin: *Panther Stiefel*, með ritletri.

Samkv. tilkynningu 18. mars 1912, er merkið skrásett í Berlín 5. júlí s. á., fyrir skófatnað, og er sú skrásetning endurnýjuð 17. mars 1922.

Skrás. 1925, nr. 32.

Tilkynt 5. septbr. 1925, kl. 2 síðd., af verksmiðjunni „Hekla“ (eigandi Þorst. Þorsteinsson), Reykjavík, og skrásett 19. s. m.


Orðið: **POLO**

Merkið er skrásett fyrir gosdrykk, og er orðið: POLO, að skoða sem **132**
sjerstaklega tilbúið heiti á þeirri vörutegund.

Skrás. 1925, nr. 33.

Tilkynt 5. septbr. 1925, kl. 5 sídd., af British-American Tobacco Company, Limited, verslunarfjelag, London á Englandi, og skrásett 19. s. m.

High Admiral



Orðin: *High Admiral*, skrautrituð; þar fyrir neðan mynd af flotaforingjahatti ásamt tignarmerkjum flotaforingja.

Samkvæmt tilkynningu 6. mars 1925, er merkið skrásett í London 6. júlí s. á., 45. flokki, fyrir unnið tóbak.

Skrás. 1925, nr. 34.

Tilkynt 12. septbr. 1925, kl. 4 sídd., af firmanu Hjalti Lýðsson og Nils Fjeldberg, niðursuða á fiskmeti, Reykjavík, og skrásett 25. s. m.



Hringmyndað merki, í lögun sem dós. Á lokinu sjest sólsetur og slær kvöldroða á sjóinn. Til hægri er uppdráttur af Íslandi og fugl á flugi með síld

- 132 í nefinu, en til vinstri mynd af víkingaskipi, og eru letuð á segl þess orðin: VIKING CANNING CO. Neðan undir fyrir miðju stendur orðið: ISLAND. Á framanverða hlið dósarinnar er dreginn hringur, og innan í honum mynd af víkingaskipi ásamt áletruninni: VIKING CANNING CO., REYKJAVÍK; stendur hringur þessi á skreyttum fleti milli orðanna: VÖRU og: MERKI.

Skrás. 1925, nr. 35.

Tilkynt 1. október 1925, kl. 11 árd., af firmanu Bræðurnir Espholin, verslun og iðnaður, Reykjavík, Akureyri og Thorshavn, og skrásett 17. s. m.



Mynd af íslenskum fálka, er stendur í hraungrýti í miðri myndinni. Að baki er vatn og fjallasýn. Á grunn myndarinnar er prentað í umgerð: BRÆÐURNIR ESPHOLIN AKUREYRI THORSHAVN. Tvær öndvegissúlur standa upp af grunni myndarinnar sín hvoru megin, en á milli þeirra, í boga yfir höfði fálkans, er letuð orðið: Fálkinn. Orðin Skrásett og Vörumerki eru letuð yfir höfðum öndvegissúlunnanna, hið fyrra vinstra megin, en hið síðara hægra megin.

Skrás. 1925, nr. 36.

Tilkynt 6. október 1925, kl. 3 sídd., af G. M. Björnsson, kaupmanni og umboðssala, Reykjavík, og skrásett 17. s. m.



Sporöskjulagaður einkennismiði, og er ysta rönd miðans svart hringstrik, en grunnflötur miðans er svartur með tveimur hvítum sporöskjulöguðum hringstrikum. Milli beggja hvítu hringstrikanna er svartur, breiður bekkur, og eru á

hann letruð með hvítum stöfum, orðin: THULE, REYKJAVÍK, í efri hálfhringnum, en orðin: ÞAÐ BESTA ER ÆTÍÐ ÓDÝRAST, í neðri hálfhringnum. Innan við smærri, sporöskjulagaða, hvíta hringinn, standa á svörtum grunni, með hvítu lettri bókstafirnir: G M B , og eru þeir þannig lagaðir, að þeir fylla að mestu út í sporöskjulagaða, svarta grunnflötinn í miðjum miðanum.

132

Skrás. 1925, nr. 37.


Tilkynt 19. okt. 1925, kl. 5 síðd., af Det danske Petroleum-Aktieselskab, verslunarfjelag, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 27. s. m.

Orðið: **Pogoil**

Samkvæmt tilkynningu 29. júlí 1925, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 12. sept. s. á. fyrir steinefnishráolíu og allskonar afurðir af henni til hverskonar notkunar, tilbúnar eða hráar, fljótandi eða fastar, steinefnis- eða jurtaefnis-tjöru og allskonar afurðir af henni til hverskonar notkunar, tilbúnar eða hráar, fljótandi eða fastar.

Skrás. 1925, nr. 38.

Tilkynt 30. október 1925, kl. 3 síðd., af Arthur Guinness Son & Co., ölgerðarmenn, London, Englandi, og Dublin, Írlandi, og skrásett 14. nóvember s. á.



Sporöskjulagaður brúnn miði. Milli tveggja sporöskjulagaðra hringastendur: GUINNESS'S FOREIGN EXTRA STOUT JAMES'S GATE DUBLIN. Á reitnum þar fyrir innan sjest efst mynd af slaghörpu; undir henni

132 stendur með ritletri: Arth Guinness Son & Co., og þar fyrir neðan er skrautband. Á reitnum standa enn fremur ummæli um vöruna.

Samkvæmt tilkynningu 24. júlí 1909, er merkið skrásett í London 27. október s. á. fyrir „Stout“-öl.

Skrás. 1925, nr. 39.

Tilkynt 30. október 1925, kl. 3 síðd., af A/S. Dalen Portland-Cement-fabrik, verksmiðjurekstur og verslun, Brevik, Noregi, og skrásett 14. nóv. s. á.




Hringmyndaður miði, þar sem standa á efst, milli tveggja hringa, orðin: PORTLAND CEMENT, og neðst orðin: BREVIK — NORWAY, en yfir miðju miðans er skráð orðið: DALEN, með feitu lettri.

Samkvæmt tilkynningu 5. febrúar 1924, er merkið skrásett í Oslo 4. júlí s. á., fyrir cement, og er orðið DALEN að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund.

Skrás. 1925, nr. 40.

Tilkynt 4. nóvember 1925, kl. 5 síðd., af Chrysler Sales Corporation, verksmiðjurekstur, Highland Park í Detroit, Michigan, Bandaríkjum N.-Am., og skrásett 20. s. m.




Á hringmynduðu innsigli sjest breitt band með orðinu: CHRYSLER, milli tveggja Eldingargeisla.

Samkvæmt tilkynningu 4. febrúar 1924, er merkið skrásett í Washington 12. ágúst s. á. fyrir bifreiðar og hluta af þeim, og ber að skoða orðið Chrysler sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

132

Skrás. 1925, nr. 41.

Tilkynnt 4. nóvember 1925, kl. 5 sídd., af Standard Oil Company, (New Jersey), verslunarfélag, Bayonne & New York, Bandaríkjum N.-Am., og skrásett 20. s. m.



Gulur, ferstrendur miði, sem með lóðrjettum, svörtum strikum er skift í mismunandi stóra reiti. Efst á miðanum er breitt, svart band og á það letrað orðið: FLIT; reitirnir ná allir upp að svarta bandinu nema einn, sem nær alveg upp úr.

Samkvæmt tilkynningu 23. mars 1925, er merkið skrásett í Washington 21. júlí s. á., fyrir efni til útrýmingar skordýrum, til að ná burt ólykt og til sótthreinsunar. Orðið Flit er að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1925, nr. 42.

Tilkynnt 31. október 1925, kl. 2 sídd., af Stefáni Thorarensen, lyfsala, Reykjavík, og skrásett 20. nóvember s. á.



Fjallkonan sitjandi á hæð, með kórónu á höfði og slegið hár; í hægri hendi heldur hún á óslíðruðu sverði, og nemur oddur þess við jörðu, en ofan

132 á hendinni situr haukur; með vinstri hendi heldur hún um skjöld, er reistur er á rönd.

Skrás. 1925, nr. 43.

Tilkynt 31. október 1925, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 20. nóv. s. á.



Fjallkonan sitjandi á hæð, með kórónu á höfði og slegið hár; í hægri hendi heldur hún á stöng með íslenskum fána á.

Skrás. 1925, nr. 44.

Tilkynt 31. október 1925, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 20. nóv. s. á.

Orðið: **Fjallkonan**

Merkið er skrásett fyrir konfekt, kakaó, súkkulaði allskonar, marsipan, „Toffee“-karamellur, brjóstsykur allskonar, sykraða ávexti, ávaxtamauk, kex, hunang, vanillu-sykur, lakris allskonar, limonaði-duft, gosdrykki, öl allskonar, edik, edikssýru, „Soya“, matarliti, ávaxtaliti allskonar, saft allskonar, gerduft, eggjaduft, búðingsduft, kardemommur, krydd allskonar, allskonar dropa, olíur og safa, sem notaðir eru til heimilisþarfa, tannpasta, „Brillantine“, „Cream“ allskonar, púður allskonar, hármeðul allskonar, ilmvötn og öll önnur kosmetisk efni, allskonar sápu, þvottaefni allskonar, kerti, skóáburð allskonar, allskonar fægilög, fægiduft, „Bon“ allskonar, vjelaolíu, vagnáburð, soda, skúr-ingaduft, brons allskonar, liti allskonar, blek allskonar, lakk allskonar og allskonar olíur. Orðið Fjallkonan er að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1925, nr. 45.

132

Tilkynnt 27. nóvember 1925, kl. 5 síðd., af Reiðhjólaverksmiðjan „Fálkinn“ (eigandi Ólafur Magnússon), verslun og iðnaður, Reykjavík, og skrásett 3. desember s. á.



Sporöskjulagað merki, með sporöskjulögnum reit í miðju. Í reitnum er mynd af fálda á bláum grunni. Fálkinn er hvítur að lit með svörtum dröfnum og situr hann á kletti, er ber sama lit. Yfir miðreitnum er bogamyndaður flötur, sem myndar efri hluta merkisins og á hann er lettað orðið: FÁLKINN, með hvítum stöfum á bláum grunni, ennfremur er lítill skrauthetta ofan á fletinum og myndar hún efsta hluta merkisins. Neðan undir miðreitnum er lettað orðið: VÖRUMERKI, með hvítum stöfum á bláum grunni, en beggja megin við það eru hvítar rósir, sem ná upp að bogamyndaða fletinum, og myndar það þannig sporöskjulagaða umgerð utan um miðreitinn. Neðan undir orðinu: Vörumerki, er lítill hringur og í honum kross, sem skreyttur er íslensku fánalitunum, en sitt hvoru megin við hringinn eru hvítar rósir á bláum grunni.

Samkvæmt 10. gr. laga 13. nóvbr. 1903, um vörumerki, hefir eftirgreint merki verið endurnýjað á árinu:

Skrás. 1915, nr. 2.

A. & F. Pears, Ltd., London, frá 6. ágúst 1925, og ennfremur af máð úr vörumerkjaskránni, samkv. 12. gr. sömu laga:

Skrás. 1915, nr. 1.

Carl Samundsen & Co., Blönduósi, 6. ágúst 1925.

Skrifstofu vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 31. desember 1925,